

Nefnda og greiningarsvið Alþingis

Atvinnuveganefnd Alþingis

Umsögn um mál no 978 frá nefnda og greiningarsviði Alþingis Kvótasetning grásleppu.(980)

Undirritaður hefur verið hlynntur hugmyndinni um kvótasetningu grásleppu.

Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiði landhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, veiðistjórn grásleppu kemur hvergi nærri þeirri hugmynd sem almennt gerist um kvótasetningu.

Að binda, fastsetja, ákveðnar heimildi, prósentur, á landsvæði er algerlega galin hugmynd því eins og allir vita syndir grásleppan ótrúlega hratt og binding við landsvæði gæti leitt til kvótaskorts á einu svæði en að hann muni brenna inni á öðru og orðið til að heildar aflamarki verði ekki náð. Það vantar allan sveigjanleika.

Að heimila ráðherra að færa heimildir af svæði með veiðibrest á önnur svæði í stað þess að heimila skipum að færast um svæði, eða hafa enga svæðaskiptingu, er athyglisverð hugmynd. Þar sem um kvótasetta tegund væri að ræða

Vil ég benda á að það er sjaldan merkileg grásleppuvertið á norðaustursvæði eftir að leyfðar hafa verið flottrollsveiðar á loðnu, sem fara að miklu leiti fram útaf norðaustur landi, mánuðina áður en grásleppan gengur upp að ströndinni til hrygningar. Enda er grásleppan uppsjávar fiskur að einhverju leiti.

Það er morgunljóst að með tímanum munu allar heimildir í grásleppu verða á hendi Fiskistofu/ráðherra,verði frumvarp þetta óbreytt að lögum, þar sem gert er ráð fyrir að ríkið eignist kvóta skipa sem eru seld eða færi sig á milli svæða

Það þarf að vera alveg skirt að ekki sé heimilt að veiða /landa grásleppu nema hafa til þess aflaheimildir, togara og ekki síst uppsjávarveiðiskip veiða mikið magn af grásleppu sem þeir hafa engar heimildir fyrir og ekki heimild til að veiða.

Skal á það bent að nú eru veiðileyfi til grásleppuveiða seld útgerða á milli og eign færð í bókhaldi hjá útgerðum

Telur undirritaður að núverandi dagkerfi sé illskárri kostur en það „kvótakerfi“ sem ráðherra hyggst setja á með lagasetningu þessari.

Borgarfirði eystra 10.5.2023

Virðingarfyllt

*Ólafur Halldórsson*